í stjórn til eins árs: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sigurður Jón Hreinsson, Pétur Markan og Hjalti Karlsson. Það var samþykkt samhljóða.
Þá bar Gísli Halldór upp tillögu um að eftirtaldir yrðu kjörni í stjórn til tveggja ára: Gísli Jón Hjaltason, Guðni Guðnason og Sólrún Geirsdóttir. Það var samþykkt samhljóða.
Gerð var tillaga um Hjalta Karlsson sem formann stjórnar. Það var samþykkt samhljóða.
Varamenn til eins árs voru kjörin þau Jón Páll Hreinsson og Anna Lind Ragnarsdóttir
Skoðunarmenn voru kjörin þau Ásdís Birna Pálsdóttir og Ingimar Halldórsson. Til vara var kjörinn Gísli Úlfarsson.

3. Ávörp gesta

Gísli Halldór bauð gestum að stíga í pontu og ávarpa fundinn.
Dóra Hlín Gísladóttir fulltrúi eignarhaldsfélagsins Vestra h/f fagnaði því að félagið hefði eignast alnafna. Síðan færði hún hinu nýstofnaða félagi peningagjöf að upphæð ein milljón krónur og tók Hjalti Karlsson á móti gjafabréfinu.
Ingi Þór Ágústsson úr stjórn ÍSÍ óskaði Vestra heilla og velgengni.
Eins stigu í pontu og óskuðu félaginu heilla og velfarnaðar þau Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður HSV, Hörður Oddfríðarson formaður Sundsambands Íslands, Elías Jónatansson bæjarstjóri Bolungarvíkur og Guðjón Þorsteinsson fyrrum formaður KFÍ. Gísli Jón Hjaltason flutti kveðju frá Geir Þorsteinssyni formanni Knattspyrnusambands Íslands. Gísli Jón sagði að hann vænti þess að við vinna myndarlegt ... við þessa sameiningu.

4. Önnur mál

Hjalti Karlsson lýsti því yfir sameiningarnefnd hefði hér með lokið störfum og væri hún ...